

453. fundur Framkvæmdanefndar búvörusamninga var haldinn 20. desember 2021 kl. 13:00. Fjarfundur haldinn í Teams.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Elísabet Anna Jónsdóttir, formaður nefndarinnar, settur skrifstofustjóri landbúnaðarskrifstofu í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu (ANR), Arnar Freyr Einarsson, sérfræðingur hjá ANR, Oddný Steina Valsdóttir, varamaður Gunnars Þorgeirssonar, formanns Bændasamtaka Íslands, Kári Gautason, nefndarmaður og sérfræðingur hjá Bændasamtökum Íslands, Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og formaður deildar kúabænda innan Bændasamtaka Íslands, og Jón Baldur Lorange, starfsmaður nefndarinnar og sérfræðingur hjá ANR, sem ritaði fundargerð. Fundinn sátu einnig Sigurður Eypórsson, verkefnisstjóri hjá ANR og Ólafur Friðriksson, sérfræðingur hjá ANR. Sólrún Þrastardóttir, varamaður Ásgeirs Runólfssonar, fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins, boðaði forföll.

Þetta var gert:

1. **Fundargerð 452. fundar** samþykkt. Ákveðið hér eftir að gefa nefndarmönnum 2 daga frest til að gera athugasemdir við útsenda fundargerð, ella teljist hún samþykkt.
2. **Samkomulag atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Bændasamtaka Íslands og Verndunar og ræktunar – félags framleiðenda í lífrænum búskap (VOR)** um verkefni á sviði lífrænnar framleiðslu samkvæmt 7. gr. rammisamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins (búnaðarlagasamnings) frá 19. febrúar 2016 með síðari breytingum og búnaðarlaga nr. 70/1998. Samkomulag að upphæð 32.807.816, kr. með gildistíma til 31.12.2024. Samkomulagið var samþykkt.
3. Tillögur Bændasamtaka Íslands dags 13. desember 2021 um **ráðstöfun fjármuna til framleiðslujafnvægis í nautgripærækt á árinu 2021** skv. 6. gr. samnings um starfsskilyrði nautgripæræktar:
 - a. *Ráðstöfun til NBÍ ehf.* 7.000.000,- kr. til kaupa á holdanautasæði af NautÍs ehf. og vegna vinnu við sæðistöku á dreifingu. Sambærilegt erindi var samþykkt árin 2019 og 2020.
 - b. *Aukið verði aftur í þróunarfé nautgripæræktar* árið 2022 um 30.000.000,- kr. Þessi upphæð lækkar fjárheimild ársins 2021 sem þessu nemur af framleiðslujafnvægislið nautgripasamnings og hækkar á móti á viðfanginu þróunarfé búgreina í rammisamningi til ráðstöfunar fyrir nautgripærækt (vídd nautgripærækt í bókhaldi) á árinu 2022 Samskonar tillaga var samþykkt vegna ársins úthlutunar úr þróunarfé árið 2021.
 - c. *Styrking á stöðu íslenskra nautakjötsframleiðenda á vegum Bændasamtaka Íslands.* Áframhaldandi fjármögnun fyrir árið 2022 að upphæð 17.000.000,- kr. Sjá afgreiðslu vegna sama verkefnis á fundum nefndarinnar nr. 444. og 447.
 - d. *Erfðamengisúrvalsverkefni.* Varið verði til verkefnisins 15.000.000,- kr. skv. nánari sundurliðun í tillögum BÍ.
 - e. Það fjármagn sem eftir á framleiðslujafnvægisliðnum verði ráðstafað til að auka fjármuni í fjárfestingastuðningi í nautgripærækt á árinu 2022.

Tillögurnar voru samþykktar í heild sinni.

4. Tillaga Bændasamtaka Ísland dags 7. desember 2021 um **ráðstöfun framleiðslujafnvægis í sauðfjarrækt** um að upphæð 9.643.162,- kr. færist á liðinn

gæðastýring og komi sem viðbót á það fjármagn sem fyrir er til úthlutunar árið 2022. Tillagan samþykkt. Þá leggja Bændasamtökin til að **álagsstuðlar á gæðastýringu** verði óbreyttir frá því sem var árið 2021, sjá erindi dags 7. desember 2021. Tillagan samþykkt.

5. **Úthlutun á þróunarfé í garðyrkju 2. úthlutun ársins.** Tillögur fagráðs lagðar fyrir nefndina til staðfestingar. Styrkumsóknir um þróunarfé í garðyrkju með umsóknarfrest 1. október 2021:
 - a. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Mygluspá. Fagráð mælir með að styrkur að upphæð 1.890.000,- kr. verði greiddur. Helgi Jóhannesson tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.
 - b. Bændasamtök Íslands. Aðgengi að plöntuverndarvörum. Fagráð mælir með að styrkur að upphæð 1.115.520, kr. verði greiddur. Jafnframt beinir fagráð því til Framkvæmdanefndar búvörusamninga að leitað verði annarra leiða til að fjármagna kostnað sem þennan til frambúðar.
 - c. Samband garðyrkjubænda. Kolefnisfótspor – reiknilíkan og innleiðing. Fagráð mælir með að styrkur að upphæð 355.000, kr. verði greiddur.

Afgreiðsla fagsráðs staðfest.

Bændasamtök Íslands ásamt fulltrúum garðyrkjunnar leggja til að eftirstöðvar í þróunarfé garðyrkjusamningsins 37.895.036,- kr. vegna ársins 2021 (fyrirvari um að þessi upphæð gæti lækkað vegna endanlegt uppgjörs kostnaðar 2021 við erlenda ráðgjafa). verði fært yfir á beinsgreiðsluhluta raforku (beingreiðslur C) vegna ársins 2021. Tillagan var samþykkt.

6. **Samningur um eftirlit með landnýtingarþætti gæðastýringar.** Landgræðslan hefur staðfest að frá og með árinu 2022 verði verkefnið hluti af hefðbundnum verkefnum stofnunarinnar án þess að sérstakt gjald komi fyrir.
7. **Ráðstöfun á stuðningi við geitfjárrækt** í samræmi við 27. gr. reglugerðar um almennan stuðning við landbúnað nr. 430/2021. Eftir stendur 9% af heildarfjármagninu vegna ársins 2021 eða eftirstöðvar sem nema 1.440.093,- kr. Tillaga Geitfjárræktarfélag Íslands um ráðstöfun eftirstöðva stuðnings við geitfjárrækt á árinu 2021 er að gripagreiðslur 69%, sæðingastarfsemi 15%, fiða 8 %, mjólk 8% og 9% sem út af standa færu í að hækka gripagreiðslur. Tillagan samþykkt.
8. Tillaga frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) um **endurskoðun á ríkisstuðlum fyrir mjólk og mjólkurvörur með gildistöku 1. janúar 2022.** Breyting á ríkisstuðlum var staðfest skv. tillögu SAM.
9. **Heildargreiðslumark mjólkur og framleiðsluskylda** á næsta verðlagsári. Samþykkt að framleiðsluskylda verði óbreytt, 100%. Fyrir fundinum lágu fyrir upplýsingar frá SAM um áætlaða sölu mjólkurvara árið 2022 skv. söluáætlun aðildarféлага SAM og tillaga um heildargreiðslumarki mjólkur verðlagsárið 2022. Nefndin samþykkti eftirfarandi bókun:

Á fundi framkvæmdanefndar búvörusamninga þann 20. desember 2021 var tekin fyrir tillaga SAM að heildargreiðslumarki ársins 2022. SAM leggur til að heildargreiðslumark hækki og verði 146,5 milljón lítrar.

Samkvæmt 52. gr. búvörulaga nr. 99/1993 skal heildargreiðslumark mjólkur ákveðið fyrir upphaf hvers verðlagsárs. Við ákvörðun þess skal byggt á neyslu innlendra mjólkurvara sem farið hafa um afurðastöðvar undanfarið tólf mánaða tímabil og áætlun ráðherra fyrir komandi verðlagsár, að teknu tilliti til birgða. Við mat á neyslu og birgðum skal miða við gildandi stuðla um samsetningu mjólkurafurða. Þá skal ráðherra byggja áætlun fyrir komandi verðlagsár á upplýsingum frá afurðastöðvum.

Miðað við áætlun fyrir neyslu á innlendum mjólkurvörum er gert ráð fyrir óbreyttu magni af vörum. Hins vegar hafa stuðlar um samsetningu mjólkur tekið breytingum til hækkunar. Fitu- og próteininnihald mjólkur tekur sífellt náttúrulegum breytingum og nú hefur það þau áhrif að fleiri lítra mjólkur þarf til þess að framleiða sama magn mjólkurvara. Að teknu tilliti til þessa er gerð tillaga um að greiðslumark ársins 2022 verði 146,5m lítrar, sem er um það bil 1% hækkun frá fyrra ári.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga hefur fjallað um málið og leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt og heildargreiðslumark ársins 2022 verði 146,5 milljón lítrar. “

10. **Önnur mál.** Spurt var um hvernig framkvæmd og eftirlit væri með greiðslumarkspaki og hámarksstuðningi til einstakra framleiðenda og tengdra aðila. Í svari ráðuneytisins kom fram að málið væri til skoðunar í ráðuneytinu.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 14:20.